

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Vinátta í verki.

1. gr.

Heiti.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og er nafn hennar Vinátta í verki og starfar skv. lögum nr. 19/1988.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Garðabæ.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur stofnunarinnar er að afla fjármagns og úthluta styrkjum til verkefna í þágu velferðar og mannúðarmála barna á Grænlandi.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur stofnunarinnar eru Hjálparstarf kirkjunnar, kt. 450670-0499 og Skákfélagið Hrókurinn, kt. 620102-2880.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 37.800.757 í peningum, sem er framlag stofnenda sjóðsins. Stofnfé er afrakstur landssöfnunarinnar „Vinátta í verki“ sem framkvæmd var af Skákfélaginu Hróknum, Hjálparstarfi kirkjunnar og Kalak, vinafélagi Íslands og Grænlands, sumarið 2017 í tengslum við flóðbylgju sem skall á norðvesturhluta Grænlands á þorpin Nuugaatsiaq og Illorsuit.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

6. gr.

Tekjur.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera:

Frjáls framlög frá almenningi, sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum og öðrum sem vilja leggja stofnunni lið.

Tekjur af almennum söfnunum.

Styrkir, gjafir eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.

Vaxtatekjur og fleira.

Fé, sem safnað er til sérstakra verkefna, skal renna til þeirra óskipt að frádregnum söfnunarkostnaði og framlagi í rekstrarsjóð. Fé stofnunarinnar skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm einstaklingum. Tveir varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skal kosin til tveggja ára og kýs fráfarandi stjórn nýja stjórn til sama tíma í lok kjörtímabils. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn stofnunarinnar skal kosin á stofnfundi. Stjórnarmenn má endurkjósa.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en stjórnin skal sjálf a.m.k. velja formann, ritara, sem jafnframt skal vera varaformaður og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í

rétu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Framkvæmdastjóri.

Stjórn stofnunarinnar getur ráðið einn eða fleiri framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans/þeirra. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Úthlutun styrkja.

Styrkjum úr sjóðum stofnunarinnar skal einungis úthlutað með einróma samþykki stjórnar.

Úthlutun styrkja úr sjóðum stofnunarinnar skal fara fram tvisvar á ári og skal auglýsa eftir umsóknum með fjögurra vikna fyrirvara með þeim hætti sem stjórn ákveður. Verkefni sem úthlutað skal til skulu öll vera tengd velferð barna á Grænlandi og skulu öll miða að því að auka framtíðarmöguleika barnanna, menntun og/eða möguleika þeirra á bættum lífskjörum.

Umsýslu með umsóknum skal stjórnarformaður eða framkvæmdastjóri hafa, en stjórnarmenn skulu einnig sinna eftirfylgni og aðstoð með framkvæmd verkefna á Grænlandi sé þess kostur.

Umsóknir skulu vera skriflegar og skulu umsóknargögn samanstanda af hugmynd og útfærslu verkefnis, framkvæmda- og tímaáætlun sem og kostnaðaráætlun.

Styrkir skulu greiddir út í tvennu lagi. Fyrri hluti styrks, 75%, skal greiddur út þegar umsókn er samþykkt og skal gert skriflegt samkomulag um styrkinn sem kveður nánar á um skilyrði styrkveitingarinnar. Síðari hluti, 25%, skal greiddur þegar uppgjöri er skilað ásamt skriflegri skýrslu um framkvæmd og niðurstöðu verkefnis.

10. gr.

Skoðunarmenn reikninga.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

11. gr.

Reikningsárið.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og aflað samþykkis endurskoðenda eigi síðar en 30. júní ár hvert.

12. gr.

Meðferð fjármuna.

Fjármunum stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr., sbr. 9. gr. skipulagsskrár þessarar. Hagnaði af rekstri stofnunarinnar skal verja á sama hátt eða leggja í sjóði félagsins.

Þó skal stjórn heimilt að ráðstafa fjármunum til að tryggja áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

13. gr.

Breyting samþykktá, slit og sameining.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra. Komi til breytingar á skipulagsskránni eða sjóðurinn lagður niður þarf að bera það skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

14. gr.

Slit og skipti.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til sambærilegra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

15. gr.

Ákvæði samþykktá.

Þar sem ákvæði samþykktá þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 19/1988 svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

16. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestir skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 6. júní 2018,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.